

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ár 2018, föstudaginn 15. júní 2018, var haldinn 173. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Sigríður Kristinsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Anton Björn Markússon, lögmaður SHS, sat fundinn undir öðrum málum. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Bruninn í Miðhrauni
Varaslökkviliðsstjóri fór yfir aðgerðir SHS við eldsvoðann í Miðhrauni 4 í Garðabæ 5 þann 6. apríl sl.
Afgreiðsla: Kynning.
2. Bruninn í Perlunni
Varaslökkviliðsstjóri fór yfir aðgerðir SHS við eldsvoðann í Perlunni í Reykjavík þann 24. apríl sl.
Afgreiðsla: Kynning.
3. Samningur við Faxaflóahafnir
Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að endurnýjuðum samningi við Faxaflóahafnir um stjórn SHS á vettvangi við mengunaróhöpp á hafnarsvæði Faxaflóahafna.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Samningur við Faxaflóahafnir, drög, ódags.Afgreiðsla: Stjórn samþykkir samninginn og felur slökkviliðsstjóra að undirrita hann.
4. Úttekt Mannvirkjastofnunar
Slökkviliðsstjóri fór yfir niðurstöður úttektar Mannvirkjastofnunar á SHS, sem fram fór í nóvember 2017.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Bréf MVS; Úttektir slökkviliða 2017, SHS, dags. 2. maí 2018.Afgreiðsla: Kynning.
5. Þróun á Brunaverðinum
Slökkviliðsstjóri kynnti mögulegt samstarf við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og Mannvirkjastofnun um áframhaldandi þróun Brunavarðarins.
Afgreiðsla: Kynning, frestað.
6. Persónuvernd
Farið var yfir stöðu mála hjá SHS varðandi nýja löggjöf í persónuverndarmálum.
Afgreiðsla: Kynning.
7. Ný slökkvistöð
Slökkviliðsstjóri kynnti stöðu málsins.
Afgreiðsla: Kynning.
8. Önnur mál
 - 8.1 Miðstöð farþegaflutninga í Skógarhlíð.
Kynnt var erindi SHS til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna tilkomu nýrrar miðstöðvar farþegaflutninga í Skógarhlíð 10.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Miðstöð farþegaflutninga í Skógarhlíð, dags. 11. júní 2018.Afgreiðsla: Kynning.
 - 8.2 Brú yfir Fossvog.
Farið var yfir ábendingar slökkviliðsstjóra við vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar lagningar brúar yfir Fossvog.
Eftirfarandi lagt fram:

- Brú yfir Fossvog, dags. 11. júní 2018.
- Afgreiðsla: Kynning.
- 8.3 Starfsmannamál.
- Fjallað um starfsmannamál.
- Afgreiðsla: Kynning.

Næsti fundur verður auglýstur sérstaklega.

Fundi slitið klukkan 09:30

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Sigríður Kristinsdóttir

Áslaug Hulda Jónsdóttir
Haraldur Sverrisson

Fylgiskjöl:

- Samningur við Faxaflóahafnir, drög, ódags.
- Bréf MVS; Úttektir slökkviliða 2017, SHS, dags. 2. maí 2018.
- Miðstöð farþegaflutninga í Skógarhlíð, dags. 11. júní 2018.
- Brú yfir Fossvog, dags. 11. júní 2018.